

Ásgerður Búadóttir

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Nú stendur yfir í listasalnum Nýhöfn við Hafnarstræti sýning á myndvefnaði Ásgerðar Búadóttur myndlistarkonu. Hún hefur ekki haldið margar einkasýningar í höfuðstaðnum þegar lítið er til hennar langa ferils í listinni og því er sérstakur fengur að sýningunni fyrir listunnendur.

Ásgerður Búadóttir varð einna fyrst íslenskra myndlistarmanna til að helga sér myndvefnað sem sinn helsta vinnumiðil, þó að hún hafi í sínu listnámi fyrst og fremst lagt stund á málalist. Hún hefur fyrir löngu skapað sér nafn sem einn besti listamaður okkar á þessu sviði og hefur tekið þátt í miklum fjölda sýninga á erlendri grundu síðustu áratuginu, oft sem fulltrúi íslenskrar myndlistar í alþjóðlegum samsýningum. Verk hennar er einnig að finna í fjölmörgum listasöfnum og opinberum byggingum, bæði hér á landi og erlendis.

Myndvefnaður er sennilega sá listmiðill sem krefst meistarar þolinmæði, ákveðni og seiglu, áður en listamaðurinn fer að sjá árangur erfiðis síns. Því er undirbúningur hvers verks einn mikilvægasti þáttur þess, bæði hvað varðar efnis- og litaval, myndefni og skipulag þess í fletinum. Það hefur löngum einkennt verk Ásgerðar að myndbygging hefur verið afar markviss og sterkur þáttur í hennar vefnaði. Litaval hefur verið hógvært en um leið hnitmiðað, og samræmst vel almennri hreyfingu í fletinum, jafnframt því sem mismunandi efni hafa unnið vel saman til að mynda þau heildarhrif sem verkin skapa. Það er athyglisvert að sjá skissur og undirbúningsteikningar, sem einnig hafa verið settar upp á sýningunni, og lýsa hluta af öllu þessu ferli.

Á sýningunni í Nýhöfn getur að líta alls tíu verk, sem ofin eru úr ull og hrosshári; nokkur þeirra eru síðan samsett úr tveimur eða fleiri flötum. Verkin eru flest byggð á áhrifum lands og náttúruafla, sem listakonan vinnur úr á óhlutbundinn hátt. Það er hin milda náttúrusýn og umskiptin sem ráða ríkjum í verkunum; verðrabrigði, mót dags og nætur, sumars og veturs. Litir dofna og styrkjast eftir ákveðinni bylgjuhreyfingu í mörgum myndanna og síðan geta örtiltir deplur eða ræmur sterkari líta myndað það mótvægi sem heldur heildarverkinu í jafnvægi. Ásgerður byggir oft myndirnar í kringum sterka litþætti nálægt miðju þeirra, sem aðrir litir og þættir vefnaðarinnar vinnast síðan út frá; notkun á hrosshári á síðan mikinn þátt í að skapa þá tilfinningu fyrir hreyfingu sem er svo mikilvægur þáttur í verkum listakonunnar.


Í þessu sambandi er vert að benda sérstaklega á nokkur verk á sýningunni, þó að erfitt sé að

gera upp á milli þeirra. Myndin Haust á fjöllum (nr. 6) er einkum athyglisverð fyrir hvernig grái og ljósu litirnir eru sífelldu að takast á; grámi landsins og snjóþekjan berjast um yfirráðin á þessum árstíma, en rauðlit rönd og blettur minna á eldinn undir, sem getur ávallt brotist fram. Verkið Kontrapunktur (nr. 10) er gott dæmi um vægi hins miðlæga punktar, og á hvern hátt heildarmynd getur skapast í kringum hann. Andstæða þessa er hins vegar Gengið með sjó (nr. 5), þar sem litirnir gefa til kynna kuldalega ímynd sjávar og himins, og áherslan er á þá bylgjuhreyfingu sem einkennir mót

lands og sjávar.

Fleiri verk mætti nefna, en þó er rétt að láta listunnendum eitt-hvað eftir. Ljóst er að listakonan heldur hér áfram á þeirri braut sem hún hefur markað sér fyrir margt löngu, að vinna vandlega úr sjónhrifum sínum, byggja verk sín upp af samviskusemi og setja þau fram á þann hátt að listunnendur eigi greiðan aðgang til að njóta þeirra. Megi sem flestir listamenn vinna á þeim nótum um ókomna framtíð.

Sýning Ásgerðar Búadóttur í listasalnum Nýhöfn við Hafnarstræti stendur til miðvikudagsins 13. maí og eru listunnendur hvattir til að líta inn áður en henni lýkur.



Ásgerður Búadóttir: Haust á fjöllum. 1991.

400 FERÐAVINNINGAR

ÁTT ÞÚ MIÐA Í SÓLINA?

VIÐ DRÖGUM
Í KVÖLD

ÞÁTTTAKA ÞÍN STUÐLAR AÐ
BJÖRGUN MANNSLÍFA!



**HÆGT ER AÐ GREIÐA HAPPDRAETTISMIÐA
MEÐ GREIÐSLUKORTI Í SÍMA 91-27000
TIL KL. 23.00 Í KVÖLD.**



Happdrætti
Slysavarnafélags Íslands

Skoðunar- ferð um Voga á morgun

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands fer laugardaginn 9. maí í skoðunarferð um Voga í ferðaröðinni Framtíðarsýnin okkar.

Farið verður frá Grunnskóla Vatnsleysustrandarhrepps kl. 10.30 og gengið umhverfis byggðina í Vogum. Í leiðinni verða óröskuð eða lítt röskuð náttúruleg svæði skoðuð og ýmsar minjar. Gangan tekur um einn og hálfan tíma en eftir hana verða umræður í Grunnskólanum um framtíðarsýn sveitarfélagsins sem heild. Í för verða fróðir menn og hugmyndaríkir. Öllum er heimil þátttaka.